

Svör Dögunar við spurningum Landssambandi hestamannafélaga

1. Er þinn flokkur tilbúinn til að lögfesta í vegalögum lögverndun reiðvega sem tryggði öryggi hestamanna og bannaði um leið umferð mótorknúinna ökutækja nema sem um getur í 5. gr. a. 1.mgr. umferðalaga?

Dögun hefur ekki ályktað sérstaklega um þetta efni en telur mikilvægt að tryggja öryggi á öllum vegum og telur ljóst að umferð mótorknúinna ökutækja fer ekki saman við umferð hestamanna. Þá eru reiðvegir oftast enn ekki kostaðir af hestamönnum og því réttlætismál að öryggi þeirra sé tryggt á slíkum vegum.

2. Árlega skapast miklar gjaldeyrstekjur í kringum íslenska hestinn og hestatengda ferðaþjónustu. Er þinn flokkur tilbúinn að beita sér fyrir auknu fé til reiðvegamála t.d. ½ til 1% af þeim gjaldeyri sem hestamennskan skapar?

Dögun hefur ekki ályktað um þetta efni.

3. Telur þinn flokkur ástæðu til að færa reiðvegi frá umferðarþungum akvegum?

Dögun telur mikilvægt að tryggja öryggi allra vegfarenda og ljóst er að umferðarþungi getur haft truflandi áhrif á hrossin sem og dregið úr ánægju hestamanna.

4. Er þinn flokkur tilbúinn að beita sér fyrir því að hestaíþróttir verði viðurkenndar sem sérstök námsbraut í framhaldsskólakerfinu, þannig að þeir sem ljúka þar námi öðlist réttindi til t.d. tamninga, þjálfunar, kennslu og að taka að sér og leiða hópa í ferðamennsku á hestum ?

Dögun hefur ekki ályktað um þetta efni en vill sjá markvissa aukningu í sveigjanlegu og fjölbreyttu íþróttta-, lista- og tómstundastarfi innan skólanna – á skipulagsábyrgð skólanna í sem bestu samstarfi við félagshreyfingar á þessum sviðum. Þá viljum við að markvisst verði fjölgað styttri námsleiðum til starfsnáms og til framhalds/áfanga í háskólanámi – og með því stuðlað að sívirkari framvindu og skilvirkni í námi.

5. Er þinn flokkur tilbúinn eftir kosningar til að skoða skattalegt umhverfi hestamennskunnar með það að markmiði að minnka kostnað þeirra sem stunda hestamennsku?

Dögun hefur ekki markað sér stefnu á því sviði.

6. Er þinn flokkur tilbúinn til að beita sér fyrir lagabreytingu þannig að allir þeir sem eiga og rækta íslenska hestinn sitji við sama borð þegar kemur að ákvarðanatöku um hann.

Dögun hefur ekki ályktað sérstaklega um það en leggur áherslu á lýðræðislega nálgun á öll mál þannig að þeir sem málin snerta hafi sem mest um þau að segja.

7. Er þinn flokkur tilbúinn til að skoða frekari uppbyggingu íþróttareiðhúsa um landið.

Ekki hefur verið fjallað sérstaklega um þau mál á vettvangi Dögunar.

8. Er þinn flokkur tilbúinn til þess eftir kosningar að gera samning við Landsamband hestamannafélaga um þau verkefni sem LH og hestamannafélögin sinna hér á landi og erlendis fyrir íslenska hestinn og þá sem honum una. Á ári hverju taka einstaklingar á vegum LH starf í því mikilvæga sjálfbóðaliðsstarfi sem fram fer innan FEIF, sem eru alþjóðasamtök í kringum íslenska hestinn.

Ekki hefur verið fjallað sérstaklega um þau mál á vettvangi Dögunar.

9. Er þinn flokkur tilbúinn til að setjast niður eftir kosningar með forsvarsmönnum Landsmóts hestamanna og finna lausn á þeim vanda sem varð til þegar fresta þurfti Landsmóti um eitt ár vegna „Smitandi hósta“ sem herjaði á íslenska hrossastofninn vorið 2010?

Dögun er alltaf til í að ræða málin.